

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 13. júní 2017
2017050046/42-0
TB
tb

Hólsvirkjun í Fnjóskadal, matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 26. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um Hólsvirkjun í Fnjóskadal.

Náttúrufræðistofnun telur að matsáætlunin geri að mestu leyti nægjanlega vel grein fyrir því hvaða þættir verða skoðaðir í sjálfu frummatinu miðað við niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Í niðurstöðunni voru tilgreindir nokkrir náttúrufarsþættir sem áhersla var lögð á að skoða sérstaklega. Í matsáætluninni segir að liðir a-e í kafla 4.6.1.2 verði ekki kannaðir frekar. Hins vegar verður farið nánar í að uppfylla skilyrði vegna liða f og g sem snúast um 61. og 62. gr. laga um náttúruvernd. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að rannsaka liði f og g nema að hafa yfirlit í samræmi við lið c eða með öðrum orðum hafa vistgerðarkort eða gróðurkort af svæðinu þannig að hægt sé að fá upplýsingar um magn og verðmæti þess gróðurs/vistgerða sem er að finna á svæðinu. Bent er á að í fyrirbyggjandi rannsóknum, sjá 4.6.1.3, er ekki að finna gróðurkort eða vistgerðarkort af framkvæmdasvæðinu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

